

Ársskýrsla

Iðnaðarsafnsins á Akureyri fyrir árið 2018

Opnunartími:

Opnunartími var með sama hætti og undanfarin ár. Sumarsýningin var opin frá 1. júní til 14. September opið var frá klukkan 10.00 til 17.00 alla daga. Vetraropnun er frá klukkan 14.00 til 16.00 á laugardögum. Talsvert hefur verið um að opnað sé fyrir hópa á öðrum tímum. Safnið naut góðs af liðsinni Hollvínfélags Iðnaðarsafnsins sem héldu opnu yfir veturinn eins og undanfarandi ár. Framlag Hollvínafélags Iðnaðarsafnsins, vegna vetra- og páskaopnunar, sparar safninu um rúmlega 500 þúsund krónur á árinu.

Starfsfólk:

Við fengum Jónu S. Friðriksdóttur aftru til starfa í febrúar og starfaði hún út árið þá í skertu starfshlutfalli síðustu mánuði ársins. Eins og fyrr þá var Jakob Tryggvason hægri hönd safnstjórans Heimir Kristinsson sá um að greiða reikninga safnsins. Við vorum með unglíngana síðasta sumar eins og undanfarinn ár og var þetta nokkuð góður hópur.

Stjórn:

Kjörtímabil stjórnar er 4 ár, hið sama og til sveitastjórnar, og skiptir stjórnin með sér verkum.

Stjórnina skipaði

Þorsteinn E. Arnórsson, formaður tilnefndur af Einingu Iðju.

Heimir Kristinsson, ritari tilnefndur af Byggið.

Jakob Tryggvason, tilnefndur af Hollvínasamtökum Iðnaðarsafnsins.

Almar Alfredsson og

Vilhjálmur G Kristjánsson tilnefnd af Akureyrarstofu.

Aðsókn:

Fjöldi gesta sem heimsótti Iðnaðarsafnið árið 2018 voru 1719 sem er 27 gestum ffærra en árið áður. Erlendir gestir voru 325 eða 18,9 % gesta. Erlendum gestum fjölgaði um 56 milli ára eða um 3,6 % Árið byrjaði með opnun sýningarinnar um Jönu í Höfða 10. febrúar var sýningin tengd útkomu bókarinnar „Til starfs og stóra sigra“ sögu verkalýðsbaráttu við Eyjafjörð frá 1894 til 2004 vegna veðurs komu færri en boðnir voru eða 15 gestir Skólaheimsóknir voru 16 samtals 190 nemendur sem flokkast þannig einn leikskóli 29 gestir. 6 grunnskólar 157 gestir 9 framhaldsskólar 78 gestir auk nemandur í safnafræði 10 gestir, og nemandur í textildeild myndlistarskólans í Reykjavík 16 gestir. 22 frambjóðendur 5 flokka til bæjarstjórnarkostninga á Akureyri árið 2017. Einnig komu mkrar Karalakórsmanna og makar harmonikkuleikara, félagar úr klúbbnum 4 X 4 Stjórn ó trúnaðarrás Rafiðnarsambandsins. Frá félagsstarfi öldrunarheimila Ak. Og gaungudeild SAK alls 110 gestir.

Á eyfirska safnadeginum komi 132 gestir alls sem var 47 færri en árið áður.

Fulltrúar Iðnaðarsafnsins fóru í tólf heimsóknir á öldrunarstofnanir Hlíð og Lögmannshlíð einu sinni á hverja deild með sýnishorn af safngripum þátttakendur voru 6 til 12 í hvert skipti ætla má að rúmlega 100 vistmenn hafi notið farandssýningarinnar og eru þeir ekki taldir með í heimsóknarfjölda gesta safnsins.

Ef skoðaður er Gestafjöldi ársins 2018 í prósentu þá lítur hann þann út

Fullornir Íslnedingar	674	39,21 %
Íslensk börn	159	9,25 %
Erlendir fullornir	278	16,17 %

Erlendir börn	47	2,73 %
Skólaheimsóknir	290	16,87 %
Aðrar heimsóknir	147	8,55 %
Hollvinakaffi	124	7,21 %
Gestir samtals	1719	100,00 %

Ár	Fjöldi gesta	Breyting frá fyrra ári
2018	1719	- 27
2017	1746	+ 82
2016	1664	- 100
2015	1764	- 608
2014	2372	+413
2013	1959	+ 88
2012	1871	-32
2011	1903	-991
2010	2895	+350
2009	2540	+359
2008	2181	+ 243
2007	1938	- 121
2006	2271	+ 789
2005	1482	- 18
2004	1500	

Fjármál:

Rekstrarstyrkur sem Safnaráð veitti hefur verið skorinn niður ár eftir ár var 1,5 milljón fyrir nokkrum árum fór svo í milljón, síðan 800 þús. og nú síðast 400 þúsund sem viðurkennt safn þurum við að uppfylla ákveðin skilyrði svo sem opnunartíma en ef við værum setur eigum við rétt á verkefna styrkjum en ekki rekstrarstyrk.

Húsnæði og Geymslumál:

Húsnæði safnsins á Krókeyri er í eigu Akureyrarbæjar. Geymslan í svokölluðu Strýtuhúsinu urðum við að rýma með mjög stuttum fyrirvara og var keypur 40 feta einangraðurgámur sem stendur á útisvæðinu okkar.

Hollvinafélag Iðnaðarsafnsins:

Framlag Hollvinafélags Iðnaðarsafnsins er ómetanlegt vinnuframlag þeirra var tæplega eitt og hálf ársverk.

Einnig hafa hollvinir safnsins hist reglulega í kaffispjall og rýnt í gamlar myndir af starfsfólki SÍS og skráð hverir eru á myndum.

Samstarf við Tímarritið Súgur um að byrta sögu Starfsmanna félags SÍS í áföngum heldur áfram Haraldur Sigurðsson sem ætlaði að skrifa þátt um leikfélagsstarfsemina og hafð verið með verkefnið í nokkur ár og þegar hann féll frá

Útisvæðið:

Erfitt er að meta hve mikil fjöldi kemur á útisýningarsvæðið utan hefðbundins opnunartíma safnsins en margt bendir til þess að einhver umferð gangandi fólks sé um svæðið þegar snjór hamlar ekki aðgengi á síðasta hausti var runnagróðurinn sem umlukti útisvæðið skorinn niður af stafsmönnum bæjarins það opnar svæðið talsvert og auðveldar okkur að halda Kerfillinum í skefjum.

Sýningar:

Eyfirski safnadagurinn var nú í þriðja sinn á sumardegnum fyrsta og sóttur han undanfarinn ár alls komu 132 gestir. Sett var upp sýning um Jönu í Höfða í tilefni 100 ára fylveldi Íslands

Skólafræðsla:

Var með svipuðum hætti og undanfarin ár. Árgangar grunnskóla bæjarins auk nemanda úr verkmenntaskólanum, Menntaskólanum, Einnig hafa skólar úr nágrennabyggðalögum heimsótt safnið. Erlendir nemendur, sem búa á Akureyri og eru að læra íslensku, komið til að fræðast um iðnaðarsögu bæjarins.

Skráningarkerfi:

Haldið var áfram að skrá í skráningakerfið Sarpur og miðaðist vinnan við þann styrk sem veittur var af Safnaráði á árinu auk framlags Hollvinafélagsins við myndatöku á gripum.

Húni II:

Samstarfið við Hollvini Húna II var með svipuðum hætti og undanfarinn ár.

Safnauki:

Eins og undanfarinn ár hefur starfsfólk Rauðakrossins látið okkur vita ef peysur mokkajakkar og fleiru af framleiðsluvörum sambandsins sem ratað hafi til þeirra. Íslenst bjórflöskurafn Hreins Valdimarssonar 521 stykki hluti af safninu var hrein viðbót við það sem fyrir var. Frá Vinnustofuni sem var í Kristnesi bindilykkjur fyrir járnabindingu netanálar og verkfæri. Borðstofuskenkur smíðaður af Stefáni Þórarinnss sem var með verkstæði á horninu á Fjólugötu og Glerárgötu. Hringlagað borðstofuborðið sem hægt er að stækka frá smíðað á Valbjörk 1963 með tré rilum sem var forveri léttari brauta. Ónotaðir Iðunarskór. Kósa og verkfæri úr Seglagerð. Herrafrakka úr Gefjunarefni saumaður 1952 á þriggja ára dreng. Gefjunar garn. Tæplega 50 ára gamlan leðurjakka frá Ýlir Dalvík. Intakstrekk og hluta af inntaksröri úr gömlu Glerárvirkjuninni. Sérsaumuð jakkaföt úr gefjunarefni fyrir Kristinn Arnþórsson. Lítil standborvél frá tíð Gústaf Jónssonar ravirkjameistara sem fylgt hefur Jóhanni B. Ingólfssyni frá þ'vi hann lærði hjá Gústafi rafirkja.

Sýningar- og söfnunarstefna:

Sýningar- og söfnunarstefna safnsins hefur verið uppfærð 2017 og gildir til ársins 2021

Lokaorð:

Í þessari skýrslu hefur aðeins verið stiklað á stóru í stafsemi Iðnaðarsafnsins. Ég get þó ekki lokið skýrslunni fyrir liðið starfsár öðruvísi en minnst á allt það óeingjarna sjálfboðastarf sem hér er unnið en þessir kraftar eru ekki óþrjótandi.

Einnig vil ég þakka Jónu S. Friðriksdóttur starfsmanni okkar fyrir gott samstarf og þann góða skilning á rekstrinum safnsins þegar við höfum þurft að herða sultarólina.

Þátttaka Iðnaðarsafnsins í samvinnuverkefnum.

1. Samvinnuverkefni Akureyrarstofu og Innbæjarsafnanna þar sem unnið er að því að markaðssetja innbæinn sem „Old town“. Nú þegar er búið að leggja drög að korti með gönguleið frá miðbæ og inn að Flugsafni; þar sem söfnin o.fl. eru merkt inn á. Skiltum verður fjölgað og gerð gangbraut yfir Drottningarbrautina við Mótorhjólasafnið. Á leiðinni frá Skautahöll að Iðnaðarsafni verður sett vél/vélar sem tilheyra Iðnaðarsafninu og gefa vísbendingu um hvað safnið hefur upp á að bjóða. Einnig er í bígerð að fara með rauðu skósaumavélina inn í miðbæ.

Þá hefur verið rætt um að t.a.m. samhæfa opnunartíma Innbæjarsafnanna, sameiginleg aðgangskort og safnastrætó.

Auk þess er verið að vinna að heildstæðri safnastefnu fyrir öll söfn í bænum. Þeirri vinnu verður ekki lokið fyrr en undir lok árs 2019.

2. Markaðsstofa Norðurlands vinnur nú að greiningu tækifæra í sögutengdri ferðaþjónustu á Norðurlandi. Einn þáttur í því er að kanna mögulega samvinnu aðila í markaðssetningu á söfnum og setrum á Norðurlandi. Forstöðumenn safna og setra voru boðaðir á fund þann **26. mars** sl. til að ræða mögulegar leiðir í að ná betri árangri í markaðssetningu. Unnið var í hópum þar sem safnafólk svaraði þremur spurningum sem fyrir það var lagt og Björn kynnti niðurstöðurnar í lok fundar. Markaðsstofa Norðurlands mun senda okkur samantekt á næstu dögum. Spurningarnar voru:

- 1. Hvernig geta söfn/setur á Norðurlandi unnið saman að markaðssetningu fyrir ferðamenn?*
- 2. Hvernig getur Markaðsstofa Norðurlands aðstoðað við þá markaðssetning?*
- 3. Lýstu dæmigerðum erlendum ferðamanni sem heimsækir söfn og setur á Norðurlandi?*

3. Hæfnisetur ferðaþjónustunnar og SÍMEY bauð okkur að taka þátt í tilraunaverkefni. Verkefnið snýr að því að efla hæfni fyrirtækja og starfsfólks með aukinni þjálfun. Þetta felur í sér að við fáum tillögur að fræðslu og þjálfun á okkar forsendum. Þessir aðilar aðstoða okkur við að sækja um styrki. Fundur var haldinn í Símeý um mögulegt samstarf mánudaginn 21. janúar sl. Eftirfarandi söfn voru boðuð á þennan fund: Minjasafnið á Akureyri, Listasafnið á Akureyri, Flugsafn Íslands, Iðnaðarsafnið, Mótorhjólasafn Íslands, Safnasafnið og Nonnahús.

4. Samvinna við **Smámunasafn Sverris Hermannssonar**. Nemendur í safnafræði við Háskóla Íslands, og kennari þeirra, tóku námslotu á safninu í október 2018. Jóna aðstoðaði við að skipuleggja að hefja skráningu safnmuna í aðfangaskrá – og í Sarp. Annars lagið fer hún og heldur áfram vinnu við skráningar ásamt safnstýru Smámunasafnsins.

Þetta er verktakavinna og Eyjafjarðarsveit borgar launin.

Viðburðir

Iðnaðarsafnið tók þátt í Barnamenningarhátíð, Eyfirska safnadeginum, þar sem 308 mann komu á safnið, og á morgun er Alþjóðlegi safnadagurinn, þar sem Iðnaðarsafnið verður einnig með. Þátttaka í þessum degi er sífellt að aukast og síðast tóku um 40.000 söfn þátt. Það eru ICOM (international council of museums) sem stendur fyrir þessum degi.

Þetta er í fyrsta skipti sem Iðnaðarsafnið tekur er með í Alþjóðlega safnadeginum.